

Sabinski. Beinagrind Lengd ca 30-40 mín

1. þáttur

- Inngangur. Lesinn. Miðaldatónlist leikin
- Upphaf Hólastaðar.
- Kirkjurnar og afdrif þeirra.
- Biskuparnir sem stóðu að þeim
- Ákvörðun um byggingu Hóladómkirkju, kenna Íslendingum að byggja úr steini, fjáröflun konungs, Skúli Magnússon
- Sagt frá Thurah og Sabinski

Tónlist .. frekar létt ca 30 sek

Sögumaður 1 : Það er árið 1757. Hér stöndum við, á Hólastað, þar sem biskupsstóll var settur árið 1106 og Jón Ögmundarson, hinn söngvinni ungi maður úr Fljótshlíð, vígður til biskups. Mörg guðshús hafa verið reist á Hólum. Þau hafa verið af ýmissi gerð en öll hin ágætustu guðshús.

Sögumaður 2: Fyrst ber að telja kirkju Oxa Hjaltasonar, hún var reist um 1050, 56 árum áður en biskupsstóll var settur á Hólum. Kirkja Oxa var byggð um miðja 11. öld og segir í Jóns sögu helga að sú kirkja hafi mest gjör verið undir trépaki á öllu Íslandi og að Oxi hafi lagt til hennar mikil auðæfi. En

kirkja þessi stóð ekki lengi því að hún varð eldi að bráð „með öllu skrúði sínu og leyndum dómi guðs“.

Sögumaður 1: Önnur Hólakirkja var byggð eftir 1050, Um aðra Hólakirkju er ekki mikið vitað annað en að hún stóð fram á daga Jóns Ögmundarsonar.

Ekki hafði Jón Ögmundarson setið nema skamma stund á Hólum þegar hann lét taka ofan kirkjuna og reisa í hennar stað „mikla kirkju og volduga“. Fyrir smíðinni stóð maður að nafni Þóroddur Gamlason „er hagastur var í þann tíma á Íslandi.“ Engar heimildir eru til um stærð Jónskirkju en margt bendir til að hún hafi verið svipuð næstu tveimur kirkjum á Hólum að stærð og lögun.

Sögumaður 2: Jörundur Þorsteinsson varð biskup á Hólum 1267 og gegndi því embætti í 46 ár. Hann lét byggja kirkju í kringum aldamótin 1300 og „prýða með klukkum og skrúði og mörgum öðrum fágætum gersemum.“ Kirkja þessi var timburkirkja . Hún stóð til 27. desember 1394 en þá fauk hún í ofviðri „með svo undarlegum atburði að hvert tré brotnaði. Vað þar engu undan bjargað nema líkneskjum og helgum dómum

Sögumaður 1: Auðun rauði tók við embætti biskups að Jörundi látnum. Auðun var norskur og hafði með sér steinsmiði og lét brjóta berg úr Hólabyrðu og færa heim. Hann hóf smíði steinkirkju eins og tíðkaðist erlendis en entist ekki aldur til að ljúka verkinu.

Talið er að kirkja Péturs Nikulássonar, Péturskirkja, byggð eftir 1394, hafi verið veglegust dómkirkna á Hólum og segir í heimildum að hún hafi verið 50 álna löng. Svo fór í norðan

fjúkviðri 16.nóvember 1624 að kirkjan fauk í heilu lagi og féll niður í garðinn.

Sögumaður 2: Þegar Péturskirkja fauk var Guðbrandur Þorláksson biskup orðinn gamall maður og karlægur. Umsjón með staðnum og öll staðarforráð hafði Halldóra dóttir hans. Halldóra var skörungur mikill og sendi systurson sinn Þorlák Skúlason þá skólameistara og síðar biskup til Danmerkur að kaupa við í nýja kirkju. Smíði nýrrar kirkju var lokið að fullu 1627 og ávallt kölluð Halldórukirkja. Björn Jónsson á Skarðsá ritar um miðja 17.öld að kirkja Halldóru hafi verið „bæði mikið hús og merkilegt, svo slíkt er ekkert á Íslandi.“

Sögumaður 1: En nú stendur fyrir dyrum að reisa kirkju í stað Halldórukirkju er hér hefur staðið í 130 ár.

Nú skal vanda til verka og byggja úr varanlegri og endingarbetri efnivið en áður hefur þekkt. Að þessu sinni verða ekki fluttir stórviðir yfir hafið. Nú skal byggt af steini... steini úr Hólabyrðu, fjallinu foldgnáa sem geymir Hóla við kné sér. Nýir siðir koma með nýjum herrum. Skúla Magnússyni, fyrrum sýslumanni Skagfirðinga og síðan landfógeta hefur tekist að vekja áhuga Danakonungs, Friðriks V. , á hinni fjarlægju, fátæku þjóð lengst norður í hafi, sem heyrir undir hans hátign.

Sögumaður 2: Hinn nýskipaði fógeti skrifar kóngi bréf og fer *fram á fjárveitingar til viðreisnar*

Íslands. Konungur er ávarpaður með þeim orðum að Íslendingar séu fátæk þjóð, fjarri konungi sínum og sólinni. Ekki sé hægt að breyta legu landsins en náðarsól konungsins gæti samt orðið fátækum innbyggjurum landsins til bjargar og leitt þá til framfara.

Skúli bað síðan um 6000 dali til þess að stofna verksmiðjuhverfi í Reykjavík, auk annars.

Hégómlegt hjarta Friðriks V. Danakonungus var svo snortið af að honum skuli líkt við sólina, að hann samþykkti ekki aðeins beiðni Skúla heldur hækkaði framlagið í 10.000 dali þvert ofan í mótmæli embættismanna sinna. Náðarsól konungsins hélt síðan áfram að skína næstu ár og dágóðar summur runnu úr ríkisfjárhirslunni til verkefna Skúla á Íslandi. Og frammi fyrir furðu lostnum löndum sínum, var Skúli fógeti brátt búinn að byggja lítið þorp í Reykjavík og láta reisa steinhús í Viðey - hið fyrsta á landinu.

Sögumaður 1:*En sólargeislarnir náðu í fleiri horn. Árið 1756 voru lagðar tillögur fyrir konung um byggingu annars steinhúss, dómkirkju á Hólum í Hjaltadal.*

Markmiðið var sem fyrr framfarir - að kenna landsmönnum steinhögg. Enn var konungur viljugur að láta ljós sitt skína. Lagður var skattur á hverja einustu kirkju á Norðurlöndum til þess að fjármagna bygginguna og frægasti arkitekt Dana á átjándu öld og húsameistari konungs, Laurids de Thurah, var látinn teikna mannvirkið. Íslensku umbótasinnarnir lögðu það til að aðeins einn múrari yrði sendur til þess að vinna

verkið svo tryggt væri að Íslendingar lærðu handverkið. Aðeins ári síðar, var allt klappað og klárt og múrari á leið til Íslands. Hann hét Jóhann Sabinsky og var kominn til Hóla ágústbyrjun 1757.

2. þáttur **Tónlist... ekki mjög drungaleg...15sek** **fuglasöngur, mófuglar10 sek**

- Sabinski mætir á svæðið. Undrast staðsetningu biskupsstólsins og áformum um kirkjubyggingu. Veltir fyrir sér hvernig eigi að vinna verkið. Veit af grjótnámunni í Hólabyrðu. Spáir í vinnukraftinn. Hefur fengið ordrur um að bændur eigi að vinna verkið

Sabinski: Hólar í Hjaltadal... biskupsstóll Norðlendinga.. hvernig dettur nokkrum heilvita manni í hug að setja niður biskupsstól hér í þessum afdal? Mér er sagt að Hólar séu í alfaraleið. Víst má það vera, en hvílík hrjóstur sem leggja þarf að baki. Fjallgarðar og straumharðar ár, hamragirtir dalir... og svo fara menn þetta fótgangandi, eða á þessum agnarsmáu hestum sínum. En ekki er því að neita að fjallasýnin er fögur þó ég eigi ekki því að venjast að geta snert fjallið ef ég rétti út höndina.. ekki laust við að ég fái hálfgerða andateppu í þessum þrönga dal.

(litast um, horfir til fjalla)

Það hlýtur að vera harðgerð þjóð sem býr í þessu landi. Mér er sagt að Íslendingar séu þrjóskir og seigir.. Þessi hrjóstuga náttúra hlýtur að hafa mótað skapgerð þeirra í gegnum aldirnar, hún hefur víst ekki alltaf verið blíð á manninn við íbúa þessa kalda lands.

Ísland! Það fer um mig hrollur bara við að nefna nafn þess!

(breiðir úr teikningum á borðið)

Ég vona að seigla og harðfengi bændanna sem ætlað er að byggja þessa kirkju undir minni stjórn komi að góðum notum, því ekki verður þessi kirkjubygging létt verk. Þó ekki sé annað en að sækja allt byggingarefnið, þennan dásamlega rauða stein, sem gnótt er af hér uppi í fjallinu eftir því sem mér er sagt. Mér skilst að náttúran hafi gætt Hólastað fegurra og endingarbetra byggingarefni en hægt er að panta frá öðrum löndum. Samt verð ég að segja að ég kvíði verkinu töluvert. Kirkja sú er Thurah hefur teiknað og mér er falið að byggja er engin smásmíð þótt heldur sé hún minni en sú er hér stendur, Halldórukirkja. En hún má sannlega muna sinn fífil fegri enda bíða hennar þau örlög að víkja sæti fyrir hinni nýju steinkirkju. Drottinn gefi mér heilsu og úthald til að ljúka því verki svo sómi sé að.

Sögumaður 1: Pennan fyrsta vetur Sabinskis á Hólum var unnið að grjótnámi í Hólabyrðu. Hinn rauði steinn var sprengdur með púðri og síðan færður heim á vagni og sleða þegar frost var í jörðu. Steinninn var síðan höggvinn til heima á staðnum.

Hljóð: Steinhögg skvaldur, óánægjuraddir í fjarska ca 10-15 sek

Sögumaður 2: Sabinski komst fljótt að því að það vinnuafli sem honum var úthlutað, reyndist ekki sem skyldi. Hann skrifar dönskum kirkjuyfirvöldum og skefur ekki utan af áliti sínu á vinnukraftinum. Þau verða að fá að vita um hegðun safnaðarins á Íslandi og Danakonungur verður að skikka þegna sína til hlýðni. Í bréfinu segir:

Sabinski: (les bréfið) *“Mér er lífsins ómögulegt að halda áfram með mönnum sem hafa svona lítið verksvit og eru auk þess svo furðulegir að þeir snerta ekki á nokkrum sköpuðum hlut fyrr en þeir eru búnir að láta á sig þykka vettlinga, og þeir eru svifaseinir og latir og hafi maður ekki sífellt auga með þeim setjast þeir eða leggjast. Þannig reyna þeir á þolinmæðina því þeir tala eins og þeir væru konungbornir og láta ekki reka sig til eins eða neins.”*

Sögumaður 1: Það þykknaði heldur í Danakonungi er honum bárust til eyrna þær fregnir að vinnumenn

Hólastaðar neituðu að berja grjót nema á háu kaupi – og með frítt fæði að auki . Í fússi svaraði einvaldur Danaveldis erindi Sabinskis með opinberri tilskipun:

Sabinski: (Les bréfið) *“Vér allranáðugast höfum fundið fyrir gott, að almúginn í þeim næstu sýslum hjá Hólum skuli tilhaldast eins og það skeður við almúgann í vorum ríkjum, að framkvæma slíkt publicve erfiði fyrir ekkert og án betalnings”*.

Ekki held ég að tilskipun þessi verði til vinsælda fallin hjá bændum ef ég þekki þá rétt.

Sögumaður 2: Það var alvani í Danmörku að bændur ynnu þegnskylduvinnu, þó það tíðkaðist lítt á Íslandi. Á þessum tíma hafði líka afrakstrinum af kirknaskattinum á Norðurlöndum (sem var sérstaklega merktur Hóladómkirkju) verið varið til annarra þarfa. Þess vegna kom ekki annað til greina en að vanþakkláti bændalýðurinn í kringum Hóla berði grjót kauplaust til þess að koma yfir sig nýrri dómkirkju og lærði eitthvað nytsamlegt í leiðinni.

Sabinski: Það verður fróðlegt að hitta þá fulltrúa bænda sem boðaðir hafa verið á minn fund til að ræða verkaskipan og framkvæmd verksins. Allir hljóta þeir að hlýða glaðir kalli konungs síns til þjóðþrifaverka.

(Sólveig kemur inn með brauð og vín á bakka. Setur á borðið og hneigir sig. Sabinski horfir annars hugar á hana en aðhefst ekki frekar. Tekur til matar síns)

- Hefur samband við oddvita bænda og fær ekki góðar undirtektir. Þeir borubrattir fyrst, halda að eigi að leita ráða hjá þeim, telja að vinnukrafturinn komi frá kónginum. Sabinski gerir þeim ljóst að þeir verði samt að vinna verkið samkvæmt kóningsins tilskipan.

(Sigmundur og Helgi, góðbændur, ganga inn kirkjuna, frekar heimóttarlegir, illa klæddir og skæddir. Gefa brauðinu og víninu ítarlegar gætur. Sabinski horfir á þá með nokkurri furðu og heilsar þeim með handabandi.)

Helgi: Já sæll veri smiðurinn, við erum hér mættir fulltrúar bænda í héraði (**Sigmundur nikkar við öllu sem Helgi segir**) Hvað hyggst nú blessaður smiðurinn fyrir með kirkjubygginguna? Ég vænti þess að hann ætli að leita ráða hér hjá okkur heimamönnum varðandi það hvernig að verki skuli staðið og hvað verður gert með kost og lóssi fyrir smiðina. Tek þó fram að við skagfirskir bændur hyggjumst ekki temja okkur að tala danskt hrognamál við verkamenn er hingað kunna að koma.

Sabinski: Verkamenn er hingað koma? Hér mun þörf á að leiðrétta misskilning. Hingað koma engir verkamenn

að utan. Kóngur vor hefur skipað svo fyrir að bændur í héraðinu skuli vinna verkið.

Sigmundur: (gónir á Sabinski) Bændur í héraði? Vinna verkið? Hvernig?

Helgi: Bændur í héraði? Vinna verkið? Nú það er kannski ekki alvont. Það er ekki á hverjum degi sem færi gefst á að vinna sér inn skotsilfur.

Sabinski: Nei herra minn, það er vist ekki allsendis með þeim hætti. Kóngur skipar svo fyrir að bændur vinni að kirkjubyggingunni í þegnskylduvinnu undir minni stjórn. Og kóngur skipar einnig svo fyrir að hver hreppur í Skagafirði, Húnavatnssýslum og Eyjafirði sendi tvo menn til Hóla til að vinna að kirkjubyggingunni.

Helgi: Mér er nú algerlega fyrirmanað að skilja þetta ráðslag. Ætlast kóngur til þess að vér bændur yfirgefum okkar bú og forum að berja grjót hér á Hólastað?

Sigmundur: Já, grjót.. berja grjót.. ég veit ekki betur en torfið hafi dugað oss Íslendingum til húsbygginga fram að þessu... það væri kannski einhver vegur að rista torf... en að berja grjót... neeeeei... óekki.

Helgi: Það get ég sagt þér ágæti grjótsmiður, að fyrst kóngur ætlar að fara svona að ráði sínu munu menn

ekki sveitast blóðinu við grjótbarning og hleðslu, ég reikna frekar með að þeir verði frekar verkasmáir úr því að þeir verða skyldaðir í nauðungavinnu.

.....

Sögumaður 1: Það gekk eftir sem bændur höfðu hótað Sabinski. Allt gekk á afturfótunum og menn héldu sig lítt að vinnu. Var aðbúnaður enda ekki góður. Í samtímaheimild segir að verkamönnunum hafi þótt þetta “vond vertíð og erfiðið strangt að grafa og bera grjótið. Héldu þeir að betra mundi að þjóna á Brimahólmi.” Þeir fengu hvorki vist né þjónustu á Hólum og voru látnir liggja í fjárhúsunum þar á staðnum. Væntanlega hefur það verið álit flestra að þeir hefðu verið dæmdir til betrunarvistar án þess að hafa brotið af sér.

Hljóð: Steinhögg skvaldur, óánægjuraddir í fjarska ca 10-15 sek

- Bændur latir. Sabinski vonlítill um verkið. Verður ástfanginn af vinnukonunni sem þjónustar hann. Unga stúlkan kemur með matarbita og öl í könnu.

- Sabinski ákveður að umbuna bændum með tóbaki og brennivíni. Verkið fer að ganga betur.

Sabinski: Ekki veit ég hvað ég á til bragðs að taka með þessa húðlötu bændur. Með sama skikk mun taka minnst 10 ár að reisa kirkjuna Mér liggur við uppgjöf:

(Sólveig kemur inn með mat á bakka og vínflösku. Sabinski tekur í hönd hennar horfir á hana.)

Sabinski: Hér hefur þú kæra ungfrú fært mér mat og drykk alla veru mína hér og ég veit ekki einu sinni nafn þitt.

Sólveig (feimnislega) Ég heiti Sólveig.

Sabinski: Sólveig. Það verð ég að segja að það gleður mig meira að sjá andlit þitt en bændanna sérhlífnu sem skirrast ekki við að óhlýðnast boðum sjálfs kóngsins.

(Kyssir á hönd hennar. Sólveig hneigir sig fer út)

Sögumaður 2: Nú varð Sabinski að grípa til sinna ráða. Hann sá fram á það að kirkjan kæmist aldrei upp með sama áframhaldi. Eftir þessa nokkurra mánaða dvöl meðal Íslendinga hafði hann lært örlítið um þjóðarsál þeirra. Hann opnaði reikning hjá einokunarkaupmanninum á Hofsósi og keypti bæði munntóbak og brennivín. Síðan var búið til hvatningarkerfi. Þeir verkamenn sem börðu grjót áttu von á glaðningi að kveldi; tóbakstölu og jafnvel

brennivínsstaupi. Þá loks fór verkið að mjakast af stað, en gekk hægt, jafnvel þó konungur léti brátt undan þrábeiðni Sabinsky og sendi fleiri múrarasveina á staðinn.

Bændur koma aftur til fundar við Sabinski

Helgi: Sæll veri háttvirtur múrarameistarinn. Ég vil nú leyfa mér að kvarta yfir þessum aðkomnu múrarasveinum sem þykjast hærra settir en við bændur. Þeir kúska okkur áfram eins og við séum einskis nýt vinnupý.

Sigmundur: Já og svo vil ég benda á að tóbaksskammturinn hefur rýrnað til muna og brennivínsskammturinn er svo naumt skammtaður að varla finnst bragð hvað þá að hann ylji manni svo heitið geti.

Sabinski: Ég bið ykkur að minnast þess að brennivíns og tóbaksskammturinn er í réttu hlutfalli við afköstin Sigmundur svo ef til vill væri ráð að taka örlítið hraustlegar til hendinni. Hvað nýju múrarasveinana varðar eru þeir vanir því að menn liggi ekki á meltunni og horfi á aðra vinna, hér verða allir sem einn að leggja fram alla sína krafta svo þetta blessað hús komist einhverntíma upp.

(Helgi og Sigmundur leggja kollhúfur og yfirgefa sviðið)

Sabinski: Hvenær ætlar mönnum að skiljast það að ég var ráðinn hingað sem múrari en ekki sem eftirlitsmaður. Hví þarf ég að standa í stöðugum illdeilum við verkamennina, vinna með annarri höndinni og berjast með hinni. Ég er eins og hver annar aumur kúalubbi sem reynir af veikum mætti að standa vörð um mannorð mitt og heiður.

Sögumaður1 : Kirkjubyggingin átti að taka þrjú ár en tók helmingi lengri tíma í raun. Sabinsky segir sjálfur í bréfum sínum að samfelld stríðsástand hafi ríkt meðan á þegnskylduvinnunni stóð; Í apríl 1762 skrifar Sabinski.

Sabinski: *“Ég vildi óska að ég væri búinn með kirkjuna á morgun, og ég skal varast að koma mér í annað eins aftur. Nótt og dag er ég eirðarlaus, á daginn vinn ég eins og þræll og á nóttunni sækir að mér efi um að ég standi mig. Á mér standa spjótin úr öllum áttum, mér til skapraunar.*

(Sólveig kemur inn. Sér örvæntingu Sabinskis. Strýkur um hár hans. Hann tekur hana í faðminn.)

Sabinski: Hvernig getur svo fagurt blóm sprottið úr þessum hrjóstuga jarðvegi í dal þar sem ekki sér til sólar lungann úr vetrinum og þar sem veturinn er svo óendanlega langur. Mín kæra Sólveig. Þú hefur verið

mér sannur sólargeisli í þessari dvöl minni hér. Og sannarlega hefur ekki veitt af þegar bændur og náttúruöflin hafa verið mér hvað þyngst í skauti.

Sólveig: Kæri vinur, senn sér fyrir endann á byggingu þessa góða guðshúss sem halda mun nafni þínu á lofti um ókomnar aldir. En fleira mun minna á þig hér á Hólastað því ég ber barn þitt undir belti.

Sabinski: Ó þú undurfagra stúlkan mín, við þrjú, ég, þú og litla barnið okkar munum hverfa héðan að loknu þessu verki, burt frá þessu kalda landi, þú kemur með mér til Danmerkur þar sem smjör drýpur af hverju strái og náttúruöflin leika ekki menn og málleysingja jafn grátt og hér í þessu hrjóstruga og kalda landi.

Sólveig: Til Danmerkur! Það hef ég sannfrétt að þar sé gott að vera. Víst vil ég fylgja þér þangað minn kæri, það er huggun að vita að þú munir ekki yfirgefa okkur þegar verki þínu er lokið hér. Sannarlega væri gott að komast burt úr harðindunum og annarri óáran sem hér hefur ríkt og drepið allt mannlíf í dróma, eytt búsmala og valdið eymd og volæði.

3. þáttur

- Vinnukonan elur barnið. Foreldrarnir tala saman á raunsæjum en samt tilfinningalegum nótum.
- Barnið veikist og deyr, jafnvel móðirin líka (athuga kirkjubækur).
- Smíði kirkjunnar lokið að mestu. Sabinski innsiglar verk sitt (fórni, tileinkun) með því að múra lík barns síns í kirkjuvegginn. Siður í hans heimalandi.. talið færa mannvirkinu blessun.. hið ósnortna og saklausa barn.
- Sorg vegna stúlkunnar og barnsins
- Gleði yfir glæsilegri byggingu á ólíklegum stað? Viðskilnaður byggingameistarans

Tónlist, frekar þunglyndisleg 10-15 sek

Sögumaður 1: Það er komið haust 1762. 5 ár eru liðin frá því að Sabinski kom að Hólum. Enn er kirkjubyggingunni ekki lokið. Lengstum hafði gengið í þófi með nauðungarvinnuna enda aðbúnaður slæmur. Fengu bændur ekki inni í staðarhúsunum heldur máttu hírast við þröngan kost í útihúsum.

Sólveig, unnusta Sabinskis hefur alið barn þeirra. Það er stúlkubarn og er henni gefið nafnið Johanna Dorothea. Stúlkan er ákaflega pasturslítil og deyr hún 16 daga gömul.

(Sabinski og Sólveig koma fram á sviðið)

Sabinski: Ekki gat forsjónin einu sinni lagt okkur þá líkn með þraut að eiga heilbrigt og hraust barn hér í þessum erfiðleikum og amstri. Hér sveitist ég blóðinu við að byggja musteri Guðs og hann sviptir mig blessuðu litla barninu okkar.

Sólveig: Vegir Guðs eru órannsakanlegir... Elsku litla stúlkan okkar fær þá ekki að kynnast betra lífi í öðru landi, máske hefði það aldrei legið fyrir henni hvort eð var.

Sabinski: Vera má að einhver tilgangur sé með andláti þessa litla saklausa barns. Á mínum heimaslóðum er það trú manna að það færi gæfu að múra barnslík í vegg stórra mannvirkja... mikil blessun mun fylgja þeim byggingum og það muni verja þau áföllum og ógæfu. Menn hyggja að ungt líf og óspillt hafi í sér fólgin mátt sem best tryggi varanleik þess háttar smíða.

Sólveig: Drottinn minn dýri, ætlarðu að múra lík barnsins okkar inn í vegginn?

Sabinski: Kæra Sólveig mín, auðvitað getum við jarðsett litlu stúlkuna okkar í kirkjugarðinum, en ef Gísli biskup samþykkir að við búum henni leg í vegg kirkjunnar mun hún veita þessu húsi blessun svo lengi sem það er uppi auk þess sem minning hennar verður ódauðleg um kynslóðir fram.

Sólveig: Víst má vera að ekki fari verr um hana í veggnum en hér í garðinum og víst er huggun að vita að hún muni veita þessu húsi, sem þú hefur lagt líf þitt og sál í að reisa, blessun um aldur og ævi.... En.. mér finnst það samt svo skelfileg hugsun að vita hana í ísköldum og hörðum múrnum.

Sabinski: Já mín kæra.. en ef til vill hefur forsjónin ætlað henni þetta hlutverk. Við munum gera henni grafskrift og setja á vegginn hvar hvílustaður hennar er. Sú grafskrift mun verða það fyrsta er blasir við augum þegar komið er inn í kirkjuna. Sú grafskrift mun varðveitast um aldur, svo lengi sem þetta sterkbyggða guðshús stendur. Svona myndi grafskriftin hennar standa.

(Tónlist ..björt en frekar sorgleg)

(Sabinski sest og skrifar grafskriftina. Sólveig stendur hjá honum. Tónlist leikin undir.)

Sabinski les: Hier lieg ich, armes wuermelein, un ruhe in meinem schlaff kaemmerlein, Jungfrau Johanne Doretee Sabintzki Docter. Wart geboren den: 26.oct anno 1762: gestorben den 11.nob: 1762.

Sólveig: En elsku vinur, þú veist að ég skil ekki þetta mál! Seg mér hvað þetta þýðir.

Sabinski: Grafskriftin hennar Jóhönnu okkar útleggst á þessa leið á íslensku.

Hér ligg ég veslings krakkaskinn og hvílist vært í klefa litlum. Jungfrú Jóhanna Dóróthea Sabinskysdóttir, var fædd hinn 26. október árið 1762, dáin 11. Nóvember 1762.

Sögumaður 1: Lík Jóhönnu litlu var múrað inn í vesturvegg kirkjunnar. Blasir grafskrift hennar við gestum Hóladómkirkju er þeir koma inn í stöpulinn..

Nú var tekið að hilla undir lok kirkjusmíðinnar og hafði hún þá tekið 6 ár í stað þriggja. Þann 14. september 1763 er gerð úttekt á kirkjunni fullbyggðri. Þar kemur fram að úttektarmönnum finnst múrverkið yst sem innst, óaðfinnanlega unnið.

Sögumaður 2: Blendnar tilfinningar hrærast í brjósti Sabinskis er hann kveður Hólastað og hina voldugu kirkjubyggingu.

Sabinski: Hér hef ég byggt dómkirkju, höggvið stein og hlaðið vegg, múrhúðað og skreytt loft. Er haft á orði að bygging þessi prýði Ísland.

Ég hef lagt sál mina og heilsu að veði til að koma upp þessu volduga guðshúsi. Ég vona að það muni eiga lengri lífdaga en kirkjur þær er hér hafa staðið í gegnum þessar aldir er biskupsstóll hefur staðið á Hólum, kirkjur sem ýmist hafa brunnið eða fokið. Ég treysti því að nærvera litlu saklausu stúlkunnar minnar í veggum muni færa þessu fagra musteri guðs blessun um aldir.

(Sólveig kemur inn ferðbúin. S tekur um herðar henni)

Nú bíður okkar Sólveigar skip í Kolkuósi.

Far vel Hólastaður.

(Tónlist ca 15 sek ekki mjög þung)

Björg Baldursdóttir

Spurning er um búninga, tónlist, sviðssetningu.. er hægt að hafa kór og kirkjuskip sem leiksvið. Sé fyrir mér náttúruhljóð og tónlist (miðaldatónlist sem hentar) í bakgrunn. Steinshögg, skvaldur og kvartanir bænda (orðaskil á köflum)

Leikstjóri: Sigurbjörg B Ólafsdóttir, María Gréta Ólafsdóttir Björg B

Hljóðmaður : Bjarni Dagur Jóhannsson?

Persónur og leikendur:

Sögumenn: 1. **Agnar á Miklabæ** 2. **Bjarni Mar?**

Sabinski **Simmi í Brekkukoti**

Fulltrúi bænda 1-2 bændur

Helgi Thor, Kristján á Óslandi?

Vinnukona (móðir barnsins) **Oddný Ragna Pálmad**